Fundargerð 24. september 2014

Haldinn að Bakkstöðum 165

Mættir : Arnar Tryggvason, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar Sveinsson, Þórgunnur E Pétursdóttir og Þórhallur Tryggvason.

1. Farið var yfir sumarið.  Mjög mikið af viðburðum sl sumar og vinnan hefur haldist á tiltölulega fáum höndum.  Komin smávegis þreyta í það fólk.  Það að biðla til fleiri til að bjóða sig fram og vera virkir í göngu- og skemmtinefnd og við sýningaþjálfun.
2. Búið er að senda frá stjórn beiðni til stjórnar HRFÍ um að hún samþykki Kjartan sem fyrst sem veiðiprófsdómara.
3. Boðað verður til fundar með dómurum deildarinnar til að fara yfir sumarið.
4. Uppgjör vegna deildarsýningar er ekki komið,  þarf að ýta á eftir því.
5. Veiðipróf – staðan.  Það voru mörg veiðipróf sl sumar, kannski of mörg.  Samþykkt að fækka áætluninni fyrir næsta sumar niður í 11 próf.
6. Vefsíðumál, GG og HS eiga fund með vefsíðustjóra á föstudag.   Fjöllum um málið aftur síðar á fundi.
7. Dagskrá næsta árs, tillögur stjórnar verða teknar inn á fund í veiðinefnd.  Sýninganefnd hafði þegar fjallað um tvær tillögur um sýningadómara sem þeim voru sendar og ákváðu að mæla með að leitað yrði til annars þeirra.
8. Hvolpahandbókin, ákveðið að halda sérstakan vinnufund til að fara yfir hana og ganga frá henni.   Leitað verður að styrktaraðila.

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði GG